

FJÖLSMIÐJAN

Á SUÐURNESJUM



ÁRSSKÝRSLA 2020

VIRKNI – VIRÐING - VON

Inngangur

Stofnað var til Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum ses á stofnfundi í Reykjanesbæ 7. september 2010. Stofnaðilar voru Rauði kross Íslands, Reykjanesbær, Vinnumálastofnun, Suðurnesjadeild Rauða krossins, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélag Suðurnesja og Félag iðn- og tæknigreina. Í þessari skýrslu er gert grein fyrir rekstri sjálfseignastofnunarinnar á árinu 2020.

Markmið og tilgangur

Markmið Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru skilgreind í skipulagsskrá hennar en þar kemur eftirfarandi fram:

Markmið Fjölsmiðjunnar er að:

- *Hjálp ungu fólki á aldrinum 16-24 ára að finna sitt áhugasvið, öðlast starfsreynslu og þar með auka möguleika þess í atvinnulífinu eða í námi.*
- *Gefa kost á hagnýtri vinnu, framleiðslu og fræðilegri þjálfun. Fagleg verkþjálfun skal vera ríkur þáttur í starfseminni og tengjast hinni hagnýtu vinnu og auka félagshæfni og vinnufærni ungs fólks.*
- *Efla sjálfstraust hjá ungu fólki til að það sé betur í stakk búið að takast á við margbreytileg verkefni lífsins.*
- *Auka lífsgæði ungs fólks.*
- *Þátttaka í Fjölsmiðjunni verði hvatning að frekara námi.*
- *Þátttakendur læri reglur vinnumarkaðarins, hvaða réttindi þeim ber og hvaða skyldur þeir bera.*

Stjórn, framkvæmdaráð og starfsmenn

Í stjórn Fjölsmiðjunnar frá ársfundi 2020 voru

- Guðrún Björg Sigurðardóttir, formaður
- Hera Ósk Einarsdóttir, meðstjórnandi
- Hildur Jakobína Gísladóttir, meðstjórnandi
- Kristján Ásmundsson, meðstjórnandi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, meðstjórnandi
- Fanney Grétarsdóttir, meðstjórnandi
- María Gunnarsdóttir, varamaður
- Una Kristófersdóttir, varamaður
- Guðlaug M. Pálsdóttir, varamaður
- Unnur Sverrisdóttir, varamaður
- Ólafur S. Magnússon, varamaður
- Guðlaug Sigurðardóttir, varamaður

Stjórn skipar framkvæmdaráð sem starfar með forstöðumanni og fundar á milli funda stjórnar. Guðrún Björg Sigurðardóttir, Hera Ósk Einarsdóttir og Hildur Jakobína Gísladóttir skipuðu framkvæmdaráð Fjölsmiðjunnar.

Í lok árs 2020 voru starfsmenn Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eftirtaldir:

- Þorvarður Guðmundsson, forstöðumaður í 100% starfi
- Sigurgeir G. Tómasson, verkstjóri í 100% starfi
- Carter Don Medico, verkstjóri í 100% starfi
- Júlíus S. Júlíusson, verkstjóri í 100% starfi

Regluleg starfsemi

Nytjamarkaðurinn Kompan er burðarás í rekstri og starfsþjálfun Fjölsmiðjunnar. Í kringum hann skapast fjölmörg störf og aðeins hluti þeirra er sjáanlegur viðskiptavinum. Kompan á marga tryggja viðskiptavinum og nýtur velvildar íbúa á Suðurnesjum sem gefa allan varning sem seldur er þar. Kompan hefur þróast og breyst á síðustu árum og í dag er hún þekkt fyrir að vera snyrtileg, með góðar vörur á góðu verði og fyrir kurteist starfsfólk.

Rekstur sendibílsins gekk sinn vanagang og mikilvægi hans er mjög mikið. Til þess að flýta fyrir sendingum og flutningum á mannskap þegar farið er í mannmörg verkefni eins og búslóðaflutninga höfðum við afnot af litlum sendibíl og hefur það liðkað mjög fyrir allri starfsemi. Á síðasta ári voru farnar alls 1640 sendingar á sendibílunum.


Í júní opnaði Fjölsmiðjan reiðhjólaverkstæði. Reksturinn fór vel af stað og fengu margir nemar leiðsögn í reiðhjólaviðgerðum frá verkstjóra sem var ráðinn í júní m.a. til að annast þennan verkþátt. Afsprengi þessarar opnunar er að aldrei hafa Fjölsmiðjunni borist eins mörg reiðhjól til að gera upp og selja. Til að geyma þennan fjölda yfir veturinn fengum við afnot af 40 feta gámi á næstu lóð auk þess sem 20 feta gámurinn sem jafnan hefur dugað var fullur líka.

Að auki sjá nemarnir um öll þrif, tiltektir, matseld og fleira sem til fellur ásamt verkstjórum.




Nemar

Á árinu 2020 voru 29 nemar við störf í Fjölsmiðjunni. Kynjaskiptingin var 4 stelpur og 19 strákar.




Afdrif nema voru með eftirfarandi hætti:



Eins og sjá má á þessu grafi þá útskrifaðist enginn nemi til vinnu ræður þar mestu ástand á vinnumarkaði á Suðurnesjum. Það er alltaf svo að úrræði í Fjölsmiðjunni hentar ekki einhverjum. Margt getur komið þar til en reynslan hefur sýnt að sum þessara nema koma aftur síðar þegar þau eru betur stödd í lífinu. Þeir sem fara í annað úrræði fara t.d. á örorku eða endurhæfingarlífeyri.

Skipting nema

Skipting nema milli samstarfsaðila var þannig að 4 komu frá Vinnumálastofnun, 16 komu frá Reykjanesbæ, 8 komu frá Suðurnesjabæ og 1 kom úr Vogunum og í fyrsta skipti koma 1 nemi frá Grindavík, en Grindavíkurbær hefur ekki haft aðkomu að Fjölsmiðjunni og greiddu þeir því þjónustugjald með þessum nema.




Sjálfbóðaliðar og einstaklingar í starfsþjálfun

Á árinu 2020 voru 2 sjálfbóðaliðar í Fjölsmiðjunni. Annar kom upphaflega í vinnuþrófun á vegum VIRK og ílengdist hér við endurgerð og viðgerðir húsgagna. Hinn sjálfbóðaliðinn kom frá Reykjanesbæ.

Nám og námskeið

Óvenju margir nemar stunduðu nám meðfram starfi í Fjölsmiðjunni á árinu. Þetta er stefna sem hefur mótask þar sem ekki hefur verið hægt að útskrifa nema til vinnu sökum ástands á vinnumarkaði. Gott samstarf er við menntastofnanir á svæðinu og hefur nemum Fjölsmiðjunnar að jafnaði gengið vel í námi. Einn nemi útskrifaðist úr Menntastöðum hjá MSS og var hún í Fjölsmiðjunni meðfram námi.



Viðburðir utan hefðbundinna starfa

Sökum ástandsins sem skapaðist vegna Covid-19 var minna um starfsmannaferðir en undanfarin ár. Á haustmánuðum var farið í ævintýraferð með Black Beach Tours í Þorlákshöfn auk þess sem Raufarhólshellir var skoðaður.

Samstarfsaðilar

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum er í góðu sambandi og samstarfi við marga aðila. Helstu samstarfsaðilarnir eru félagsþjónusta Reykjanesbæjar, félagsþjónusta Suðurnesjabæjar og Voga og Vinnumálastofnun. Gott samstarf er við Fjölbrotaskóla Suðurnesja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Samvinnu, Björgina, Rauða krossinn og fleiri aðila. Forstöðumenn Fjölsmiðjanna á landinu hafa með sér óformlegt samstarf. Reglulega fáum við gesti frá áhugasömum aðilum sem vinna á þessu sviði og vilja kynna sér hvernig við berum okkur að og sjá hvernig Fjölsmiðjan virkar.

Helstu styrktaraðilar Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru Vinnumálastofnun, Reykjanesbær, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar. Allir þessir aðilar leggja Fjölsmiðjunni til árlegt rekstrarfé.

Sorpeýðingarstöð Suðurnesja, Kalka hefur allt frá stofnun stutt ötullega við rekstur Fjölsmiðjunnar. Þessi stuðningur er svo sannarlega mikilvægur fyrir starfsemina og alls ekki sjálfsagður. Það að auki nýtur Fjölsmiðjan velvilja almennings sem gefur muni til Kompunnar auk þess sem aðrar gjafir berast reglulega frá vildarvinum.

Samantekt

Árið 2020 verður lengi í minnum haft í Fjölsmiðjunni líkt og víðast annars staðar. Þetta ár einkenndst af sviðsmyndum sem breyttust reglulega, sóttvörnum sem reynt var að fylgja í ystu æsar og óvissu sem hafði mikil áhrif á okkur öll. Á þessu ári staðfestist enn frekar hversu mikilvæg virkni er. Þegar sóttvarnareglur kváðu á um 10 manna hámark var gripið til þess ráðs að láta nemana vinna annan hvorn dag. Þetta hafði þau áhrif að enn erfiðara var að virkja nemana til mætingar og starfa en við venjulegar aðstæður.

Þetta ár einkenndist líka af því að enginn nemi útskrifaðist til vinnu á almennum vinnumarkaði sökum bágs ástands hans á Suðurnesjum. Þörfin fyrir úrræði eins og Fjölsmiðjuna varð enn meiri og til þess að reyna að bregðast við aukinni þörf þá voru fleiri nemar hvattir til að fara í nám og á námskeið. Þetta kom mjög vel út og á voru nemarnir flest 8 talsins í námi og á námskeiðum Koá árinu.

Stóra breytingin í starfsemi Fjölsmiðjunnar var stofnun reiðhjólaverkstæðis. Fram að þessu hafa reiðhjól verið lagfærð til að verða söluhæf, en með opnun verkstæðisins var farið að bjóða upp á viðgerðir fyrir almenning. Verkstæðið hlaut góðar viðtökur og er ekki hægt annað en að líta björtum augum á þennan nýja verkþátt til þjálfunar nemanna auk þess sem að það skilar auknum tekjum.

Á árinu 2020, við upphaf fyrsta samkomubanns, jókst sala á vörum í gegnum samskiptamiðlana Facebook og Instagram til mikilla muna. Sú þróun er enn í vexti og fólk víða að fylgist með þessum miðlum. Nýjar myndir eru settar inn daglega.

